

Bergmenn ehf
Klængshóli
621 Dalvík

Vestmannaeyjum 14. febrúar 2019
UST201901-136/P.V.B.

Efni: Umsókn um leyfi til þyrluflugs-Glerárdalur

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Bergmanna ehf. dags. 15. janúar 2019, vegna fyrirhugaðrar atvinnustarfsemi innan fólkvangsins á Glerárdal á tímabilinu 1. febrúar til 30. júní 2019-2023 þar sem óskað er eftir leyfi til að nota þyrlu til að ferja skíðamenn á fjallstinda ofan Glerárdals. Ef það fæst ekki samþykkt þá sækja Bergmenn um leyfi til eins árs.

Glerárdalur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 585/2016. Umferð loftfara (t.d. þyrluflug) innan fólkvangsins sem truflað gæti gesti og dýralíf óheimil án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar.

Lýsing:

Sótt er um leyfi til að nota þyrlur til að flytja skíðamenn á fjallstinda ofan Glerárdals þaðan sem þeir skíða niður á dalsbotninn og eru þangað sóttir á sömu þyrlu og flutti þá á tindana. Um er að ræða samskonar umsóknir og sendar voru inn 18. janúar 2017 sem var samþykkt með bréfi Umhverfisstofnunar þann 15. mars 2017 og 4. janúar 2018 sem var samþykkt 25. janúar 2018. Í bæði skiptin var veitt leyfi til eins árs að beiðni Akureyrarbæjar.

Umsagnir:

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar Akureyrarbæjar vegna umsóknarinnar. Umhverfis- og mannvirkjaráð samþykkir beiðni frá Bergmönnum ehf. um leyfi fyrir þyrluskíðaferðum á Glerárdal. Ráðið gerir fyrirvara um að farið verði eftir reglugerðum er gilda um vatnsverndarsvæði og að leyfið verði veitt tímabundið til eins árs.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa langvarandi neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Ólíklegt er að flugið hafi áhrif á gróður- og dýralíf þar enda notkunin bundin við að nægur snjór sé á svæðinu fyrir skíðamennsku. Er það mat stofnunarinnar að þyrluflugið fjölgi möguleikum til útivistar á svæðinu án þess að valda tjóni á líftríki. Gæta þarf þó þess að valda sem minnstri truflun við annað göngu- og fjallaskíðafólk sem nýtir svæðið til útivistar þegar þyrlum er flogið um svæðið.

Niðurstaða:

Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti að Bergmenn ehf. stundi þyrluflug í því skyni að flytja skíðamenn á fjallstinda í Glerárdal og sækja á dalsbotninn.

Leyfið er veitt til eins árs með eftirfarandi skilyrðum:

- Þyrluflug er ekki heimilt á Glerárdal á sunnudögum.
- Ekki skal fljúga nærri gangandi fólki og ekki skal lenda á fjallstindum þar sem fjallaskíða- eða göngufólk er á ferð.
- Starfsmenn fyrirtækisins sem koma að flugi og skíðun í Glerárdal skulu upplýstir um friðlýsingaskilmála svæðisins og skal þeim fylgt í starfsemi fyrirtækisins.
- Fylgja skal reglum sem gilda um vatnsverndarsvæði í hvívetna.
- Í lok tímabils skal skila skýrslu til Umhverfisstofnunar þar sem fram koma upplýsingar fjölda ferða og dagsetningar ferða.
- Umhverfisstofnun skal upplýst um öll frávik sem kunna að verða vegna þyrluflugs í Glerárdal s.s. mengunaróhöpp, árekstra við gönguhópa eða annað sem stríðir gegn friðlýsingarskilmálum.

Leiðbeiningar:

Umhverfisstofnun bendir á að leyfi gæti þurft frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlandi eystra fyrir þyrlufluginu en svæðið er vatnsverndarsvæði.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um starfsemi og framkvæmdir er 39.400 kr., sbr. gr. 24b. í gjaldsrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Virðingarfyllst

Hildur Vésteinsdóttir

Hildur Vésteinsdóttir
Sviðsstjóri

David Örvar Hansson

Davíð Örvar Hansson
Teymisstjóri